

Útksrftarræða

Kennarar, starfsfólk, samnemendur og aðrir gestir.

Gunnar Ingi Gunnarsson heiti ég og er formaður skemmtinefndar hér í FSN, en þið frá Snæfellsbæ þekkið mig kannski sem umtalaði strákurinn sem sofnaði í heila nótt á Klifi.

Það eru blendnar tilfinningar sem fara í gegnum hugann minn þessa stundina en núna er skemmtilegasta kafla í mínu lífi að ljúka en eins og þið flest vitið þá var allra síðasti þáttur af game of thrones að klárast núna síðasta sunnudag. Nei nei auðvitað erum við að loks að útskrifast og það eru í alvöru blendnar tilfinningar.

Í undirbúning fyrir þessari ræðu þá fór ég og spurði samnemendur mína um þeirra helstu minningar í gegnum skólann til að hjálpa mér með þessa skrift á þessari ræðu, það var margt sem kom upp en það var eitt sem kom lang oftast. Síðasta West-Side.

Til að koma með örstutta útskýringu á West-Side þá er það spurningakeppni, fótboltakeppni, körfuboltakeppni og blakkeppni á milli þrjá skóla á vesturlandi. FSN, MB (Menntaskólanum í Borgarnesi) og FVA (Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi). Ég er ekki með tölfraedin alveg upp á 10 en mér var sagt að FSN hefði aldrei unnið keppnina og FVA hefði unnið síðustu 6 eða 7 árin í röð. En þetta ár, okkar síðasta ár, var keppnin haldin í íþróttarhúsinu í Ólafsvík. Og þar löbбуðu skagamennirnir inn í hlýrabolum, málning í andlitinu, we are the champions í risastórum hátalara og strákur með fyrirliðaband heldur á bikarnum. En þetta ár þá gátu þau ekki neitt, þau unnu ekki neitt nema fótboltann og við unnum bikarinn, eða við héldum það. Því nemendurnir í FVA voru ekki nógu sáttt með tapið þannig þau rændu bikarnum og brutu hann, þau segja að hann hafi brotnað í póstinum, en ég meina enginn veit. Síðan í þokkabót þá voru svo mikil slagsmál á ballinu og á keppninni að það er líklegt að þessi keppni verður aldrei haldið aftur. En okkur er sama, þá verðum við bara meistara að eilífu.

Ég held að ég geti sagt að við elskum öll þennan skóla, það eru skemmtilegir krakkar, skemmtilegir kennar, en, það er ekkert betra en að fá sms frá Óla húsvörð að það sé óveðurs dagur og fara bara aftura að sofa. Við grundfirðingar hins vegar tengjum ekki, því af einhverjari ástæðu þá fáum við grundfirðingar ekki sms og það hafa allir grundfirðingar í minnsta kosti einu sinni vaknað

eldsnemma nýbúinn með orkudrykk á leiðinni í próf en sjá síðan skólann gjörsamlega tóman.

Við 2000 árgangurinn eða við 00 módelin höfum alltaf verið mjög nán og náðum vel saman í gegnum árin, þekkjumt öll nafnið á hvor öðrum og hvaðan við erum, enda búin að fara í gegnum skólann, böll, og fullt af partýum, saman. En það eru tvö nöfn sem það tók langan tíma að læra. Aron og Andri, okkar eineggja tvíburar. Það vissu allir að þessir tveir væru meistarar og fyndir og góðir í körfubolta en við vissum ekki hvor var hvor, það var mjög erfitt í hópverkefnum þegar maður kannski sat hjá vitlausum bróðir í tíma. En hólmararnir sögðu okkur eitt sem gjörsamlega bjargaði okkur. Andri klæðist bara svörtum sokkum og Aron bara hvítum. Persónulega byrjaði ég að þekkja muninn á þeim á seinni önninni minni en ég heyrði bara um daginn um eina manneskju sem sá ekki muninn fyrir en fyrir tveim vikum, á dimmiteringunni okkar, síðasta deginum okkar.

Sumir halda að FSN sé svaka léttur skóli og ekkert mál en það er bara alls ekki rétt. Það eru miserfiðir áfangar í þessum skóla, tölvaáfanginn sem á að vera svo léttur virðist erfiður fyrir suma. Suuuuma. En líklegast umtalaðasti áfanginn er Íslenska 5, síðasta íslenskan. Þar eru fáranlega erfið og löng verkefni og hundleiðinleg lestrabók ef ég segi sjálfur frá, þá er ég að tala um bókina Sjálfstætt fólk. En á sama tíma þar koma líka gæðin í kennurum FSN. Erna íslensku kennari er algjör snillingur, hún hefur greinilega svo gríðarlega mikinn áhuga á þessu efni, útskýrir fyrir manni svo vel, leiðréttir mann svo vel að maður fær smá áhuga á efninu og byrjar að hugsa með manni „já kannski er sjálfstætt fólk smá fyndin bók“ ég er núna bara smá montinn yfir því að hafa lesið um hann Bjart í sumarhúsum í sjálfstæðu fólki. Ég tek bara hina frábæru Ernu bara sem dæmi, því FSN er með frábæra kennara hjá sér sem kenna sín fög vel og með áhuga. Það er hægt að nefna Maríu með kynjafræðina, Hadda og Loft með enskuna, Jakob með félagsfræðina og bara allir. Án gríns.

Áður en ég klára þessa ræðu mína þá þarf ég að þakka nokkrum manneskjum. Ég vil byrja að þakka mömmu og pabba sem hafa ávallt staðið fyrir aftan mig og hvatt mig áfram í gegnum allt og ég veit sama hversu gamall ég er þá verð ég alltaf bósinn hennar mömmu.

Ég vil þakka samnemendum mínum og óska þeim til hamingju með daginn.

Og síðast en ekki síst vil ég þakka mæðgunum Önnu og Beggu sem skilja við skólann á sama tíma og við. Mórallinn sem kemur frá þeim gerir svo ótrúlega mikið fyrir þennan skóla og þetta er gríðarlegur missir fyrir FSN. Síðan eldið þið líka bara geggjaðan mat. Takk fyrir Anna og Begga.

Og takk fyrir mig.